

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Framkvæmdastjóri

Sleggjan óskar eftir að ráða leiðtoga sem hefur brennandi áhuga á atvinnubílum, hröðu samkeppnisumhverfi og stöðugri uppbyggingu þar sem ánægðir viðskiptavinir, framfarir og árangur skipta máli.

Framkvæmdastjóri Sleggjunnar skipuleggur og stýrir daglegri starfsemi en hjá fyrirtækinu starfa um 30 framúrskarandi liðsmenn. Hann tryggir að fyrirtækið sé ávallt í fararbroddi í sölu, þjónustu og markaðssetningu, ber ábyrgð á stefnumótun fyrirtækisins í samstarfi við stjórn og er í forystu við þróun og innleiðingu nýjunga. Við leitum að öflugum liðsmanni sem mun koma inn í sterkan hóp og efla hann enn frekar á komandi árum.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **14. september nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.



Sleggjan er sölu- og þjónustuumboð fyrir Mercedes-Benz vöru- og hópferðabíla á Íslandi. Fyrirtækið er systurfélag Bílaumboðsins Öskju og nýtur stuðnings þaðan. Sleggjan hefur nýlega gengið í gegnum breytingar á eignarhaldi og með nýjum öflugum bak-hjarli er ætlunin að byggja upp gott og öflugt þjónustufyrirtæki sem mun einbeita sér að sölu og þjónustu Mercedes-Benz vöru- og hópferðabíla sem hafa í gegnum árin verið meðal mest seldu atvinnutækja landsins. Mercedes-Benz vöru- og hópferðabílar eru þekktir fyrir gæði og áreiðanleika og eru mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins notendur þeirra, hvort sem er í vörudreifingu, jarðvinnu, ferðaþjónustu eða þjónustuviðhaldi. Sleggjan er til húsa við Desjamýri í Mosfellsbæ en hefur einnig aðstöðu fyrir vagnþjónustu í Klettagörðum.

Verkefnastjóri hjá Fyrirtækjaráðgjöf

Vegna mikilla umsvifa leitum við að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði í samhentan hóp Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.

Teymið veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, skráningu félaga á markað, hlutafjárútboð og yfirtökutilboð. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur gegnt leiðandi hlutverki á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár og vinnur deildin náið með fjárfestum og lykilstjórnendum í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Samskipti við viðskiptavinum, fjárfesta og aðra hagaðila
- Utanumhald og stýring verkefna
- Verðmöt á fyrirtækjum
- Gerð og kynning greiningarefnis
- Samningagerð og þátttaka í öflun nýrra tækifæra

Hæfniskröfur

- Háskólanám á meistarastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum á fjármála-markaði
- Góð greiningarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af gerð verðmata og þekking á reiknings-haldi

Nánari upplýsingar um starfið veita

Atli Rafn Björnsson, forstöðumaður
Fyrirtækjaráðgjafar (arb@islandsbanki.is)

Guðlaugur Örn Hauksson, ráðningastjóri,
844-2714 (gudlaugurh@islandsbanki.is)

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2022.
Umsóknum skal skilað í gegnum heimasíðu Íslandsbanka.

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta



Kerfisstjóri

Vegagerðin óskar eftir að ráða öflugan kerfisstjóra í fjölbreytt og áhugavert starf.

■ Starfssvið:

- Rekstur á sýndarumhverfum
- Uppsetning og rekstur skýjaþjónustu
- Rekstur á netþjónum, staðar- og víðnetum
- Samskipti við þjónustuaðila
- Skipulagning, skjölun og áætlanagerð
- Þátttaka í teymisvinnu innan upplýsingatæknideildar
- Önnur tilfallandi verkefni

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri Microsoft skýjaumhverfis
- Góð þekking á Windows Server rekstri
- Góð þekking á rekstri sýndarumhverfa
- Þekking á Linux og gagnagrunnum er kostur
- Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Metnaður og frumkvæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með **19. september 2022**. Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.vegagerdin.is. Umsókn skal fylgja ferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á því að persónuupplýsingum um umsækjendur kann að verða miðlað til ráðningarstofu sem kæmi að vinnu við ráðningarferlið. Öll vinnsla og meðferð persónuupplýsinga í ráðningarferlinu fer fram í samræmi við persónuverndarstefnu sem birt er á heimasíðu Vegagerðarinnar, sjá hér <https://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/markmid-og-stefnur/personuverndarstefna/>

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Halldórsdóttir, forstöðukona upplýsingatæknideildar í síma 522 1000.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Mannauðsstjóri



SÝSLUMAÐURINN

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leitar að metnaðarfullum, faglega sterkum og kraftmiklum einstaklingi í starf mannauðsstjóra. Mannauðsstjóri heyrir undir sýslumann og situr í framkvæmdastjórn embættisins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á stefnum embættisins sem tengjast mannauðsmálum, veitir stjórnendum stuðning og leggur til sérþekkingu og ferla til að styðja við mannauðsstefnu embættisins. Skjalamál og mötuneyti heyra undir mannauðsstjóra.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í mannauðstengdum málum
- Þróun og eftirfylgni með mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu
- Umsjón með málefnum tengdum starfsumhverfi, aðbúnaði, öryggi, heilsu og vinnuvernd.
- Ábyrgð á launavinnslu, jafnlaunakerfi og jafnlaunavottun
- Eftirfylgni með framkvæmd kjara- og stofnanasamninga
- Mat á mannaflapörf ásamt umsjón með ráðningum og móttöku nýliða í samvinnu við stjórnendur
- Ábyrgð á fræðslu- og starfsþróunarmálum
- Framkvæmd og eftirfylgni vinnustaðagreininga
- Þátttaka í almennri stefnumótun embættisins og starfshópum

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. á sviði mannauðsmála
- Þekking á kjarasamningum og opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfni, yfirsýn og árangursmiðað viðhorf
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku í mæltu og rituðu máli

Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi.

Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu starfa um 100 manns og íbúar umdæmisins eru um 240.000.

Embætti sýslumanna hafa á síðustu mánuðum verið á fleygiferð í stafrænni þróun og lögð er áhersla á rafrænar afgreiðslur.

Nánari upplýsingar um sýslumenn má finna á: www.syslumenn.is.

Umsóknarfrestur er til og með **19. september**. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf, hvort tveggja á íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið ásamt afriti af prófskírteinum. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Framkvæmdastjóri

Símenntunarmiðstöð Vesturlands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Við leitum að öflugum og framsýnum leiðtoga til að stýra daglegri starfsemi miðstöðvarinnar.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Gerð rekstrar- og starfsáætlana
- Stefnumótun og nýsköpun
- Verkefnastjórn
- Samningagerð
- Samstarf og samráð við hagsmunaaðila
- Pátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og fjármálum
- Framtíðarsýn og stefnumótandi hugsun
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á verkefnastjórn
- Reynsla af stjórnun og uppbyggingu liðsheildar
- Þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu eða öðrum mennta- og skólamálum
- Góð tungumálakunnátta og tölvufærni



Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er sjálfseignarstofnun, starfar á sviði fullorðinsfræðslu og rekur tvær starfsstöðvar – á Akranesi og í Borgarnesi. Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur vaxið undanfarin ár. Framundan eru fjölmörg tækifæri til þess að starfa að fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum í landshlutanum innan fullorðinsfræðslunnar og í samstarfi við hagsmunaaðila hverju sinni.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **18. september nk.** Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is.

Hafnarstjóri

Faxaflóahafnir leita að leiðtoga með gott orðspor, getu til að takast á við margvíslegar aðstæður og brennandi áhuga á verkefnum Faxaflóahafna. Hafnarstjóri er framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, ber ábyrgð á daglegum rekstri og leiðir starfsemi Faxaflóahafna í samráði við stjórn. Hlutverk hans er að stuðla að stöðugum umbótum í takt við framsækna og nútímalega hafnarþjónustu.

Ábyrgðarsvið hafnarstjóra

- Daglegur rekstur félagsins í umboði hafnarstjórnar
- Yfirmaður allra starfsmanna Faxaflóahafna
- Ábyrgð á að fjárhags- og fjárfestingaáætlun sé fylgt og ábyrgð á fjárreiðum félagsins
- Samskipti og upplýsingagjöf til hafnarstjórnar
- Samskipti við eigendur, sveitarstjórnir, ríkisvaldið og atvinnulífið
- Vinnur störf sín að öðru leyti í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerða og samþykktir hafnarstjórnar

Hæfniskröfur

- Þekking á hafnarmálum, opinberri stjórnsýslu, skipulags- og umhverfismálum æskileg
- Víðtæk reynsla af stjórnun og rekstri, þar með talið breytingastjórnun
- Reynsla af stjórnun viðamikilla verkefna og áætlana
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri
- Leiðtogahæfni og færni til að hvetja aðra til samstarfs og samvinnu
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur



Faxaflóahafnir sf. eru sameignarfélag í eigu fimm sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar sem er stærsti eigandinn, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Faxaflóahafnir sf. eiga og reka fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Hjá fyrirtækinu vinna um 70 manns en Faxaflóahafnir sf. annast almenna hafnarþjónustu við skip og eiga m.a. fjóra dráttarbáta. Allar nánari upplýsingar má finna á faxaflaohafnir.is



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með **21. september nk.** Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is og Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is.



Verkefnastjóri stefnumótunar og umbóta

Hefur þú áhuga á að verkefnastýra umbóta- og stefnumarkandi verkefnum í teymi sjálfbærrar menningar og stjórnaðarháttar?

Við leitum að kraftmiklum verkefnastjóra stefnumótunar og umbóta sem hefur brennandi áhuga á að leiða ólík teymi og fjölbreytt verkefni sem og taka þátt í spennandi framtíðarsýn Terra umhverfisþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnastjóri tilheyrir sviði sjálfbærrar menningar og stjórnaðarháttar og felur í sér verkefni og samvinnu við starfsfólk þvert á fyrirtækið. Verkefnastjóri mun taka þátt í að móta nýjar áherslur í verkefnamenningu félagsins og vinna að framkvæmd og eftirliti með innleiðingu stefnumarkandi verkefna og margvíslegra umbótamála þvert á félagið. Meðal stefnumarkandi verkefna má nefna stafræna þróun og sjálfbærni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiða umbótaverkefni og verkefnahópa innan sviðs og þvert á fyrirtækið
- Hanna og leiða vinnustofur fyrir svið og deildir
- Greining og áætlanagerð verkefna
- Stuðla að markvissri framkvæmd og innleiðingu verkefna
- Leiðbeina samstarfsfólki, fræða og hvetja til góðra verka
- Hluti starfsins felst í ýmsum sérverkefnum sem tengjast m.a. sjálfbærni og sjálfvirkni
- Skýrslugerð um framkvæmd og árangur verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af skyldum verkefnum á sviði verkefnastjórnunar og af innleiðingu breytinga
- Afar góð samskiptahæfni og færni til að miðla málum
- Skipulagshæfni, öguð vinnubrögð, drifkraftur og lausnamiðað hugarfarar
- Geta til að leiða hóp, hafa framsögu og setja fram upplýsingar á skýran hátt



Terra umhverfisþjónusta leggur metnað í að skilja ekkert eftir og vill hvetja og auðvelda samfélaginu að takast á við þá áskorun. Terra umhverfisþjónusta er líflegur og fjölbreyttur vinnustaður. Hjá félaginu starfa um 240 einstaklingar á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Alla daga vinnum við af dugnaði og eljusemi að því að gera góða hluti fyrir umhverfið, en í því felst meðal annars að draga úr úrgangi og söfnun hans og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu. Við leggjum mikið upp úr fjölskylduvænu vinnuumhverfi, sterkri liðsheild og góðum starfsanda.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi, hlynur@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til **18. september nk.**



NAUSTAVÖR

Framkvæmdastjóri eignasviðs

Sjómannadagsráð var stofnað af sjómanna-félögum í Reykjavík og Hafnarfirði fyrir u.þ.b. 85 árum. Í dag rekur SDR m.a. Hrafnistuheimilin, hjúkrunarheimili fyrir aldraða, í fimm sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Íbúar Hrafnistuheimilanna eru um 800 talsins, en auk þeirra á SDR m.a. leiguíbúðir Naustavara, Happraðtt DAS, Hraunborgir og húsnæði Laugarásbíós. Fasteignir í eigu SDR telja um 100.000 fermetra.

Naustavör er óhagnaðardrifið leigufélag sem var stofnað árið 2001 í þeim tilgangi að byggja, og bjóða upp á sérútbúið húsnæði, með aðgengi að þjónustu og afþreyingu sem hentar sérstaklega vel fólki frá 60 ára aldri. Leiguíbúðir Naustavara eru um 350 talsins.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

Sjómannadagsráð (SDR) leitar að framkvæmdastjóra eignasviðs. Helstu verkefni þess eru umsjón með fasteignum SDR og viðhaldi þeirra, rekstur leigufélagsins Naustavara og umsjón með nýbyggingum. Framkvæmdastjóri eignasviðs heyrir undir stjórn Sjómannadagsráðs og starfar náið með formanni hennar.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri eignasviðs SDR.
- Ábyrgð á viðhaldi fasteigna SDR.
- Ábyrgð á rekstri og þróun leigufélagsins Naustavara.
- Ábyrgð á nýbyggingaframkvæmdum á vegum SDR.
- Umfangsmikið samstarf og samskipti við innri og ytri hagaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, önnur menntun eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af nýframkvæmdum og/eða viðhaldi fasteigna.
- Reynsla og færni í stjórnun, rekstri og samningagerð.
- Leiðtogaþæfileikar og rík samskiptahæfni.
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Frumkvæði, skilvirk vinnubrögð, yfirsýn og lausnamiðuð viðhorf.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september næstkomandi.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Fjarskiptastofa

Sérfræðingar á sviði eftirlits með öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Fjarskiptastofa er sjálfstæð eftirlitsstofnun á sviði fjarskipta og netöryggis. Hún gegnir hlutverki landstengiliðs í netöryggismálum og leiðir samhæfingarvettvang eftirlitsstjórnvalda hvað varðar eftirlit með net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða hér á landi. Stofnunin er samhæfingaraðili þegar öryggisatvik eiga sér stað og ber að horfa til almannahagsmuna þegar kemur að fjarskiptaöryggi. Stofnunin vinnur að framgangi þessara verkefna með framkvæmd áhættumata á fjarskiptamarkaði, úttekta á stjórnskipulagi upplýsingaöryggis á grundvelli fjarskiptalaga og laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og útgáfu leiðbeinandi tilmæla.

Hjá Fjarskiptastofu starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga á sviði fjarskipta og netöryggis. Fjarskiptastofa leggur áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að sinna áhugaverðum verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

Fjarskiptastofa leitar að sérfræðingum í eftirlit með net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða á nýju sviði stafræns öryggis hjá stofnuninni. Um er að ræða spennandi starf í nýjum og vaxandi málaflokki innan stofnunarinnar sem nær til framtíðar fjarskiptaþjónustu og þjónustukerfa mikilvægra innviða hér á landi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á framkvæmd úttekta á sviði net- og upplýsingaöryggis fjarskiptafyrirtækja og mikilvægra innviða.
- Þátttaka í samráðshópi stjórnvalda um eftirlit á grundvelli laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
- Aðstoð við framkvæmd eftirlits annarra stjórnvalda á sviði net- og upplýsingaöryggis eftir því sem við á.
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði net- og upplýsingaöryggis eftir því sem við á.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða sambærilegu er skilyrði.
- Þekking á stöðlum á sviði stjórnskipulags upplýsingaöryggis, þ.m.t. ISO 27001. Reynsla á beitingu þeirra er kostur.
- Færni í að greina og meta upplýsingar tengdu stafrænu öryggi.
- Samstarfs- og samskiptahæfileikar, jákvæðni, framsækni og heilindi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

LV leitar að öflugum liðsmönnum á upplýsinga-tæknisvið sjóðsins



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna



LV er leiðandi lífeyrissjóður sem byggir upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga. Fjármunir sjóðfélaga eru ávaxtaðir með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

Hjá sjóðnum starfar 56 manna samhent liðsheild þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sína og þekkingu til að sinna krefjandi verkefnum.

Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, þverfaglegt samstarf, góð samskipti, frumkvæði og hæfni til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

LV býður upp á góða starfsaðstöðu og starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. LV hefur hlotið jafnlaunavottun.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Á upplýsingatæknisviði LV starfar samhentur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun. LV á og rekur eigin upplýsingakerfi sem sérhæfð eru fyrir starfsemi lífeyrissjóðsins. Kerfin eru í stöðugri þróun og leitast sjóðurinn við að nota nýjustu tækni við hugbúnaðargerð á hverjum tíma. Snjöll þjónusta er eitt af fimm leiðarljósum stefnu LV. Þannig miða tæknilegir innviðir sjóðsins að því að veita snjalla þjónustu út frá þörfum sjóðfélaga og launagreiðenda. Á síðasta ári voru lífeyrisþegar um 22 þúsund, iðgjaldagreiðendur voru um 9 þúsund og heildarfjöldi sjóðfélaga var um 178 þúsund. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum til að slást í hópinn og takast á við krefjandi og spennandi verkefni sem framundan eru.

Sérfræðingur í upplýsingatækni

Helstu verkefni:

- Hönnun og smíði hugbúnaðar.
- Innleiðing og útfærsla starfrænna lausna fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.
- Viðhald á viðskiptahugbúnaði sjóðsins.
- Þróun og innleiðing úrbóta og nýrra lausna.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði tölvunarfræði.
- Reynsla af hugbúnaðarþróun, svo sem:
 - Reynsla af framendaforritun.
 - Reynsla af CI/CD pipelines fyrir Azure Kubernetes þjónustur.
 - Færni í forritun (Java, C# og Typescript/Javascript).
 - Þekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnamálinu.
- Sjálfstæði í störfum, frumkvæði og þjónustulund.
- Geta til að vinna vel í hópi.

Notendabjónusta á upplýsingatæknisviði

Helstu verkefni:

- Umsjón með hjálparborði.
- Eftirlit með öryggislausnum og vöktun tölvukerfis.
- Veita starfsfólki sjóðsins hugbúnaðar- og tæknaðstoð.
- Uppsetning á tölvubúnaði.
- Samskipti við þjónustuaðila.

Menntunar og hæfniskröfur:


- Menntun og reynsla tengd rekstri tölvukerfa.
- Geta til að vinna vel í hópi.
- Þekking á Office365 og Microsoft rekstrarhugbúnaði.
- Mjög góð tækni- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í störfum, frumkvæði og þjónustulund.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september nk.

Sótt er um störfín á www.vinnvinn.is.

Umsjón með störfunum hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).



vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Skipstjóri / Hafnsögumaður

Hæfniskröfur

- Skipstjórnarréttindi D (3 stig)
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta
- Kunnátta í einu norðurlandamáli æskileg

Vélstjóri


Hæfniskröfur

- Vélstjórnarréttindi VF.1
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi. Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfslíði sínu. Starfsstöð beggja starfanna er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður gisli@faxaflaoahafnir.is
Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxaflaoahafnir.is, eigi síðar en sunnudaginn **11. september n.k.**

faxaflaoahafnir.is



Faxaflóahafnir sf.
Associated
Icelandic
Ports

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hjá Reykjavíkurborg

Langar þig að hoppa um borð í stafræna vegferð? Þjónustu og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar leitar að snillingum í eftirfarandi störf.

Leiðtogi vefreksturs

Umsóknarfrestur
9. september

Verkefnastjóri þjónustupplifunar

Umsóknarfrestur
9. september

Leiðtogi netreksturs

Umsóknarfrestur
9. september

Leiðtogi samþættingar

Umsóknarfrestur
9. september

Teymisstjóri tækniþjónustu

Umsóknarfrestur
14. september

Sérfræðingur í gagnahögun

Umsóknarfrestur
14. september

Þjónustu- og nýsköpunarsvið er fyrsta flokks vinnustaður þar sem góð liðsheild, traust og virðing einkennir skemmtilega og skapandi menningu. Við fögnum fjölbreytileikanum, erum lipur og lærdómsfús og þorum að fara nýjar leiðir. Saman tökum við forystu í verkefnum sem eru í senn krefjandi og spennandi og enn betra er að þau stuðla að því að einfalda og bæta líf íbúa, umhverfi fyrirtækja sem og starfsfólks borgarinnar.



Vilt þú hafa áhrif á framtíð orkumála?

Orkstofnun leitar að færum sérfræðingum í leiðandi störf sem gefa tækifæri til að móta umgjörð orkumála í takt við kröfur samtímans þar sem áhersla er lögð á orkuskipti, nýsköpun og loftslagsmál

Fjármála og rekstarstjóri

Leitað er að öflugum stjórnanda með mikla færni á sviði fjármála og rekstrar til að leiða uppbyggingu og þróun á rekstri og innri þjónustu. Starfið krefst reynslu af mannaforráðum, færni í rekstrar og áætlanagerð, sem og af árangursríku umbótastarfi. Um er að ræða krefjandi uppbyggingarstarf hjá stofnun sem gegnir lykilhlutverki í sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda, orkuskiptum og innleiðingu nýrrar orkutækni.

Sérfræðingur í beinni nýtingu jarðhita og hitaveitum

Leitað er að sérfræðingi með brennandi áhuga á hitaveitum og lífsgæðum landsmanna er tengjast beinni nýtingu jarðhita. Viðkomandi þarf að hafa góða innsýn í rekstur hitaveitna og sjálfbæra jarðhitanytingu, vera drífandi, geta miðlað upplýsingum um málaflokkinn innan stofnunar og utan og sýnt frumkvæði er varðar tækifæri til úrbóta. Starfið felur í sér mikilvægt hlutverk í erlendum samskiptum og verkefnum á sviði stjórnsýslu og fræðslu um hitaveitur og jarðhita. Spannandi tækifæri til að hafa áhrif á orkuskipti og loftslagsmál í Evrópu og miðla íslensku hugviti í þeim efnum.

Lögfræðingur á sviði orku og auðlindamála

Leitað er að lögfræðingi með brennandi áhuga á sviði umhverfis-, auðlinda- og orkumála og innsýn í stjórnsýslu til að hafa yfirsýn yfir lagalega umgjörð stofnunarinnar og nýta þekkingu sína til rýni, umsagna og álitserða. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á lögfræðilega kunnáttu og færni.

Umsjónarmaður niðurgreiðslna og styrkja til umhverfisvænnar orkuöflunar

Leitað er að sérfræðingi til að halda utan um niðurgreiðslur á rafhitun og verkefni sem lúta að fjölbreyttum leiðum til að draga úr rafhitunarpörf til húshitunar. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á málaflokknum, vera drífandi, geta miðlað upplýsingum innan stofnunar sem og utan og sýna frumkvæði er varðar tækifæri til úrbóta innan málaflokksins. Starfið krefst góðra samskiptahæfileika og áhuga á að koma með virkum hætti að verkefnum sem snúa að möguleikum til umhverfisvænnar orkuöflunar og raforkuframleiðslu sem dregið geta úr raforkupörf til hitunar.



Orkstofnun starfar í þágu samfélagsins og í takt við orkustefnu Íslands. Hlutverk hennar er að skapa skýra umgjörð um orkumál, stuðla að nýsköpun og upplýstri umræðu og að veita stjórnvöldum faglega ráðgjöf í þágu almannaheilla. Stefna Orkstofnunar er að byggja upp þekkingu á fagsviðum stofnunarinnar svo sem á sviðum orkuvinnslu, orkunýtingar og loftslagsmála, stunda skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu, sem og sjálfstætt vandað eftirlit.

Orkstofnun leggur áherslu á að vera framsýn, traust og skilvirk stofnun, með sem jafnast kynjahlutfall.

Nánari upplýsingar um ábyrgð, hæfniskröfur, umsóknafrest og fleira má finna inn á vefsíðu Orkstofnunar:

os.is/Orkstofnun/laus-storf/



ORKUSTOFNUN



Viltu vera samferða okkur?

Skipaeftirlitsmaður

Viðkomandi mun koma til með að starfa í fjölbreyttu og alþjóðlegu umhverfi og felst í eftirliti með skipum, útgáfu starfsleyfa, gerð skoðunarhandbóka og verklagsreglna, eftirliti með skoðunaraðilum skipa og öðrum tilfallandi verkefnum. Starfshlutfall er 100%.

Sérfræðingur í alþjóða- og gæðamálum siglinga

Viðkomandi mun koma að fjölbreyttum verkefnum og verkefnastýringu sem tengjast alþjóða- og gæðamálum siglinga, taka þátt í stefnumótun og verkefnum tengdum siglingaöryggi og upplýsingagjöf um siglingamál. Viðkomandi verður einnig tengiliður við alþjóðastofnanir siglingamála og mun annast uppfærslu upplýsinga í gagnagrunni IMO og EMSA. Starfshlutfall er 100%.

Í boði eru spennandi störf á eftirsóknarverðum og framsæknum vinnustað í alþjóðlegu umhverfi. Við byggjum á líðsheild og bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Nánari upplýsingar um störfin:
www.samgongustofa.is/storf

Umsóknarfrestur er til 12. september 2022.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



Okkar hlutverk er að leysa krafta úr læðingi

Hlutverk háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er að leiða saman það afl sem býr í háskólastarfi, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni og stuðla þannig að því að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Harvey Specter eða Ally McBeal?

» Lögfræðingur á skrifstofu framkvæmdar og eftirfylgni

Það skiptir okkur engu máli hvort eða hvaða sjónvarpssería kveikti áhuga þinn á lögfræði. Það eina sem við viljum vera viss um er að við fáum í hópinn frábæran lögfræðing sem langar að verða hluti af öflugri liðsheild í nýju ráðuneyti. Við leitum að manneskju sem býr yfir þeim eiginleikum að vera hvoru tveggja í senn; hugmyndarík og nákvæm — lausnamiðuð en um leið föst fyrir. Nokkurs konar stálhnefi í silkihanska.

Hér munu gefast ótal tækifæri til að móta og skapa framtíðina í ráðuneyti sem ætlar sér að vera leiðandi í verkefnamiðuðu og árangursdrifnu vinnulagi.

Viltu vera númer?

» Sérfræðingur í fjármálum á skrifstofu framkvæmdar og eftirfylgni

Það er eins gott að þeim tæplega 88 milljörðum sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið ber ábyrgð á sé vel varið. Þess vegna leitum við að manneskju sem elskar að liggja yfir tölum, grúska í stórum sem smáum upphæðum og á sér þann draum heitastan að vera númer.

Viðkomandi þarf að hafa eiginleika til að bregða sér í ýmis gervi en stærsta hlutverkið ár hvert er uppsetningin á fjárlögunum og greining á afkomu þeirra ríkisaðila sem undir ráðuneytið heyra.

Ef þú hefur áhuga á að sérhæfa þig í gangverki opinberra fjármála þá hvetjum við þig til að senda inn umsókn.

Umsóknarfrestur um bæði störfín er til og með **26. september**. Allar nánari upplýsingar um störfín, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is. Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum óháð staðsetningu.



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



ERT ÞÚ ÖFLUGUR LÖGFRÆÐINGUR MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á STJÓRNUN?

Skrifstofa Alþingis leitar að öflugum og jákvæðum stjórnanda í starf deildarstjóra nefndadeildar. Leitað er að lausnamiðuðum leiðtoga sem veitir faglega forystu og skapar liðsheild og vinnuumhverfi þar sem hæfileikar og hugmyndir starfsfólks nýtast.

Hlutverk nefndadeildar er að veita þingnefndum og þingmönnum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf og tryggja þannig vandaða lagasetningu og fagleg vinnubrögð í starfi þingnefnda.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Dagleg stjórnun og stuðningur við starfsfólk.
- Fagleg forysta á málefnaviði deildarinnar.
- Ábyrgð á þjónustu við nefndir og skipulagi hennar.
- Þátttaka í umbótastarfi og stefnumótunarvinnu.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf á meistarastigi í lögfræði.
- Leiðtogafærni og geta til að leiða fólk til árangurs.
- Marktæk starfs- og stjórnunarreynsla, þ.m.t. reynsla af mannaforráðum.
- Þekking á stjórnskipunarrétti og opinberri stjórnsýslu.
- Framsækni, faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni í að tjá sig jafnt í ræðu og riti.

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem forseti Alþingis og Félag starfsmanna Alþingis hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um. Umsóknir gilda í sex mánuði frá auglýsingu þessari.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Alþingis.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 12.09.2022

Nánari upplýsingar veitir:

Hildur Eva Sigurðardóttir, forstöðumaður nefndasviðs - hildureva@althingi.is - 563-0500

GILDI SKRIFSTOFU ALÞINGIS ERU FAGMENNSKA, VIRÐING OG FRAMSÆKNI.

Framtíðarstarf á Akureyri

- traustur vinnuveitandi og góð starfsaðstaða.

Höldur ehf. óskar eftir að ráða þjónusturáðgjafa til starfa á glæsilegu bílaverkstæði fyrirtækisins að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjakostur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta lífsglöðum og þjónustulíprum einstaklingi við okkar frábæra hóp.

Starfssvið:

Móttaka viðskiptavina, símsvörin, bókanir og innskriftir tíma.

Hæfniskröfur:

Próf í bifvélavirkjun kostur. Mikill áhugi og þekking á bílum, hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og góð almenn tölvukunnátta.

Upplýsingar um starfið veitir Jón Skjöldur Karlsson - þjónustustjóri í síma 842 0011 eða jsk@holdur.is

Umsóknarfrestur er til 11. september 2022

Umsóknir berist á netfangið atvinna@holdur.is



Höldur ehf. var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns víða um land. Bílaverkstæði Hölds er þjónustuaðili fyrir bílaumboðin Heklu, Öskju og BL. Verkstæðið annast auk þess viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur ehf. · Tryggvabraut 12 · Sími 461 6000 · holdur@holdur.is · www.holdur.is

SÉRFRÆÐINGUR Í SÖLU OG ÞJÓNUSTU TIL FYRIRTÆKJA

Vegna aukinna umsvifa og áherslubreytinga leitum við að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi með mikla sölu- og þjónustuhæfileika sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf á fyrirtækjamarkaði.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Sala Toyota atvinnubíla
- Þjónusturáðgjöf til fyrirtækja
- Viðhalda gagnvirkum viðskiptasamböndum
- Tilboðs- og samningagerð

Hæfniskröfur:

- Mikil þjónustulund og sveigjanleiki
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af sölumennsku til fyrirtækja kostur
- Þekking á stafrænum lausnum og góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 11. september. Áhugasömum er bent á að sækja um starfið á ráðningarvef Toyota: atvinna.toyota.is undir „Störf í boði“. Vinsamlegast sendið inn ferilskrá og kynningarbréf með umsókninni.

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@toyota.is



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570-5070

toyotakaupthuni.is - info@toyota.is



Verkefnastjóri til starfa í Nuuk

Ístak byggir um þessar mundir stóra skólabyggingu í hjarta höfuðstaðar Grænlands, Nuuk, sem mun setja svip sinn á bæinn um ókomna tíð. Ístak leitar að hæfileikaríku fólki til að taka þátt í að leiða framkvæmdavinnuna og leysa tæknileg mál á verkstað. Spennandi tækifæri fyrir þau sem langar til að vinna á norðurslóðum og starfa við stórar framkvæmdir

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun og framleiðslustjórnun í samvinnu við yfirstjórn verksins
- Samskipti við verkstjóra og undirverktaka
- Útfærsla á tæknilegum lausnum
- Áætlanagerð og eftirfylgni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í Verk- eða tæknifræði.
- Mikil reynsla af stjórnun á framkvæmdum í byggingariðnaði nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnarmiðað hugarfar.
- Ensk og Íslensk tungumálakunnátta nauðsynleg, kostur að hafa góð tök á pólsku og/eða dönsku.
- Mjög góð tölvufærni.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

Hjá Ístaki starfa rúmlega 500 manns við spennandi og fjölbreytt verkefni. Við kappkostum að vera eftirsóknarverður vinnustaður í byggingageiranum þar sem hver starfsmaður er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu án tillits til kyns, aldurs eða þjóðernis. Við leggjum mikið upp úr góðu og sveigjanlegu starfsumhverfi fyrir starfsfólkið okkar og styðjum vel við öflugt starfsmannafélag.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Ístaks www.istak.is
Upplýsingar um starfið veitir Bjarki Þór Iversen, mannauðsstóri Ístaks bjarki@istak.is

ÍSTAK

Borgar Apótek

– Þín vegna

Lyfjafræðingur

Fullt starf

Lyfjafræðingur

Borgar Apótek leitar að metnaðarfullum og duglegum lyfjafræðingi í fjölbreytt starf. Umsóknafrestur er til 12. september

Sjá nánar á

job

Finnum draumastarfið saman



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða aðstoðarmann í mötuneyti. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Vinnutími er kl. 7:30 – 15:30, en við bætast vetrarfrí og páskaeyfi og lækkuð vinnuskylda á milli jóla og nýárs. Áriðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti, sé þjónustulipur og jákvæður.

Menntaskólinn í Kópavogi er frábært vinnustaður, þar er starfsandinn góður og aðstaða til fyrirmyndar.

Laun eru skv. sérstökum samningi Sameykis og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar veitir Magnús Hédínsson, magnus.hedinsson@mk.is og í síma 594 4000. Umsóknarfrestur er til og með 8. september Umsóknnum skal skila í gegnum www.starfatorg.is

Skólameistari

Lögfræðingur

Umboðsmaður skuldara auglýsir stöðu lögfræðings hjá embættinu.

Leitað er að metnaðarfullum lögfræðingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni í sibreytilegu starfsumhverfi.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við einstaklinga í greiðsluferðleikum.
- Vinnsla umsókna um úrræði vegna greiðsluferðleika
- Umsjón með greiðsluadöggunarumleitunum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistarpróf í lögfræði.
- Fullt vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Marktæk reynsla af störfum í opinberri stjórnsýslu er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eygló Kristjánsdóttir, fjármálastjóri, eyglo.kristjansdottir@ums.is.

Umsókn skal skilað á ums@ums.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags lögfræðinga.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Umsóknnum skal fylgja starfsferilskrá ásamt fylgigögnum um menntun og árangur í starfi og kynningarbréf þar sem tilgreind er ástæða umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðum um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út sbr. 2. gr. reglna nr.464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Umboðsmaður hvetur fólk, óháð kyni, þjóðernisuppruna og fótun til að sækja um.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Í dag starfa 13 starfsmenn hjá stofnuninni, sem heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðherra. Stofnunin tók til starfa 1. ágúst 2010 og er byggð á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Meginmarkmiðið stofnunarinnar er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluferðleikum og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara starfar eftir lögum um Umboðsmann skuldara nr. 100/2010. Umboðsmaður skuldara skal hafa hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi en einnig er umboðsmanni ætlað viðamikil hlutverk varðandi greiðsluadöggun.



Umboðsmaður skuldara

TÖLUM UM FORYSTU

Við leitum að metnaðarfullum sölustjóra fyrir Lexus sem hefur áhuga á að starfa í glæsilegu umhverfi og bera ábyrgð á framúrskarandi sölu og þjónustu til viðskiptavina okkar.

Lexus er einn af fremstu lúxusbílaframleiðendum heims þar sem faguð hönnun og nærgætni við umhverfið spilar stórt hlutverk og sameinar einstaka upplifun til viðskiptavina.

Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Leita nýrra tækifæra í sölu og eftirfylgni
- Yfirumsjón með gerð söluaætla og tilboðsgerðum
- Vinna með sölu- og markaðsefni Lexus
- Ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi söludeildar Lexus


Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur, sjálfstæði, öguð vinnubrögð
- Vilji til þess að ná árangri í starfi
- Brennandi áhugi á bílum æskilegur
- Leiðtogahæfni, rík þjónustulund og jákvæðni
- Viðtæk reynsla af sölustörfum og gott orðspor
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 4. september. Áhugasömum er bent á að sækja um starfið á ráðningarvefnum atvinna.toyota.is undir „Störf í boði“. Vinsamlegast sendið inn ferilskrá og kynningarbréf með umsókninni.

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@lexus.is

Lexus Ísland – Kaptúni 6 – sími 570 5400 – lexus@lexus.is



Skipstjóri / Hafnsögumaður

Hæfniskröfur

- Skipstjórnarréttindi D (3 stig)
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta
- Kunnátta í einu norðurlandamáli æskileg

Vélstjóri

Hæfniskröfur

- Vélstjórnarréttindi VF.1
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi. Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfslíði sínu. Starfsstöð beggja starfanna er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður gisli@faxaflaoahafnir.is Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxaflaoahafnir.is, eigi síðar en sunnudaginn **11. september n.k.**

Erum við að leita að þér?

Faxaflóahafnir sf. óska eftir að ráða réttindamanneskjur til starfa í hafnarþjónustu.

Störfin í hafnarþjónustu felast í leið- og hafnsögu skipa, skipstjórn og vélstjórn á dráttarbátum, einnig hafnarvörslu, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

